


DEILISKIPULAG - YFIRLITSMYND

MKV: 1:2500 m.v. A1

### DEILISKIPULAGSSVÆÐI

Deiliskipulagssvæðið er uþb. 70 ha. spilda á austurbakka Fjallsárlóns á Breiðamerkursandi. Það nær frá Breiðá í norðri, til suðurs meðfram gömlum árfarvegi, yfir núverandi aðkomuveg og að Fjallsá í vestri. Gamla brúarstæðið á Fjallsá er innan deiliskipulagssvæðisins, að meðtöldum vesturbakka árinnar þar.
Stærstur hluti skipulagssvæðisins er innan þjóðlendu og um það gilda lög nr. 58/1998 (Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta). Þjóðlendan er nr. 6, heitir Fjall og hefur landnúmer 222267.
Jökull, ísjakar, vatn og sandöldur móta áhugavert umhverfi sem er breytilegt. Þetta umhverfi laðar að ferðamenn sem vilja upplifa návígið við jökulinn og ummerkin eftir hann.
Fjallsárlón er í um 400 m fjarlægð frá þjóðvegi 1.

### GILDANDI DEILISKIPULAG

Ekki er til deiliskipulag af svæðinu.

Nýtt deiliskipulag er sett fram á deiliskipulagsuppdrætti D00.01, skýringaruppdrætti D00.02 með tilheyrandi skilmálum og greinargerð á uppdráttum sbr. skipulagslög 123/2010.
Umhverfisskýrsla er hluti af deiliskipulagsgreinargerðinni.

### LANDNOTKUN

Allt skipulagssvæðið er skilgreint á náttúruminjaskrá, svæði 635. Lýsing náttúruminjaskrár nefnir ekki Fjallsárlón sérstaklega, en það er hluti af þeirri heild sem svæðið afmarkar. Í náttúruminjaskrá stendur um svæðið: Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, sandurinn milli Vestari-Kvíár og Fellsár, frá Breiðamerkurjökli til fjöru. Kvíármýrarkambur, Kambsmýrarkambur og aðrar jökulöldur við Kvíárjökul, þá Eystrihvammur allur ásamt stöðuvatni í botni hans. (2) Jökulsárlón er þekktasta jaðarlón á landinu. Kvíármýrarkambur, Kambsmýrarkambur og aðrar jökulöldur við Kvíárjökul eru einhverjar stærstu og sérstæðustu jökulöldur á landinu. Eystrihvammur er kjarri vaxinn með tæru stöðuvatni. Mikill og sérstæður gróður, auðugt fuglalíf og selir.
Í aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 er skilgreint strandsvæði [ST] umhverfis Fjallsárlón og meðfram Fjallsá.
Um strandsvæði segir í greinargerð aðalskipulagsins : „Á strandsvæðum skal heimilt að gera bílastæði og leggja göngustíga og aðstöðu fyrir útivistarfólk, svo sem snyrtingar, upplýsingaskilti og áningarstaði. Ekki er heimilt að byggja gististaði á strandsvæðum.“
Við suðurhluta lónsins, austan Fjallsár, er gert ráð fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði [AF]um 20 ha að stærð. Stefna fyrir þetta svæði er: áningarstaður, þjónusta við ferðamenn, ferðasala og greiðasala.
Deiliskipulagssvæði við Fjallsárlón er að stofni til afþreyingar- og ferðamannsvæði, en að hluta strandsvæði.
Skipulagssvæðið liggur að mörkum Vatnajökulsþjóðgarðs.

## GREINARGERÐ

**Forsendur.** Síðustu ár hefur ferðamannastraumurinn í Hornafirði aukist til muna. Jökullónin sunnan undir Breiðamerkurjökli hafa mikið aðdráttarafl og draga til sín fjölda fólks. Flestir gera stans við Jökulsárlón en fleiri og fleira leggja leið sína að Fjallsárlóni. Myndast hafa göngustígar á nokkrum stöðum án þess þó að þeir hafi verið lagðir sérstaklega. Aðkoma að Fjallsárlóni er um Hringveg nr. 1 sem liggur sunnan skipulagssvæðisins og tengiveg sem liggur að gömlum hringvegi og endar við gamalt brúarstæði Fjallsár. Austan við Fjallsárlón liggur malarvegur inn að Breiðárlóni.
Frá árinu 2013 hefur verið boðið upp á siglingar á gúmmíbátum á Fjallsárlóni.

**Markmið og skilmálar.** Ágangur ferðamanna veldur eðlilega álagi og staðbundnu sliti, sem nauðsynlegt er að bregðast við. Markmið deiliskipulagsins er að sníða ramma utan um ferðamennsku á svæðinu þannig að hægt verði að taka við fleiri ferðamönnum án þess að umhverfið láti á sjá.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir:
- lagningu stíga og markvissum framkvæmdum á áningarstöðum í göngustígakerfinu
- að umferð um svæðið verði stýrt markvisst, bæði gangandi og akandi
- að komið verði upp nauðsynlegri ferðamannaaðstöðu svo sem þjónustuhúsi og salernisaðstöðu.

**Deiliskipulag.** Tillagan gerir ráð fyrir því að nýta áfram þá vegi og stíga sem fyrir eru á svæðinu og engir nýir bílvegir verði gerðir. Akstursumferð verði takmörkuð og fótgangandi gert hærra undir höfði.
Bílastæði fyrir allt að 100 bíla og 10 rútur verði gerð sem næst núverandi vegi.
Byggingar sem hýsa þjónustu við ferðamenn og starfsfólk verði á afmörkuðum reit þannig að þær sjást ekki frá lóninu.
Heimilt verði að gera göngubrú yfir Fjallsá.

### GÖNGUSTÍGAR OG ÁNINGARSTAÐIR

Þeir göngustígar sem mótar fyrir í landslaginu verða festir í sessi með merkingum og slitlagi eftir því sem við á. Fleiri stígar verða heimilaðir sbr. skipulagsuppdrátt. Útsýnis- og áningarstaðir verði mótaðir þannig að tilefni verði til að staldra frekar við, velta vöngum og njóta útiveru og útsýnis.
Á tilteknum stöðum þarf að grípa til aðgerða til að forða sliti og skemmdum á landi og gróðri vegna átroðnings.

Yfirborðsefni / útlit. Mannvirkjagerð á áningarstöðum verði útfærð með svipuðu móti og styrkingar göngustíga. Byggingarefni verði stórgrýti sem hlaðið er eða raðað, pallar úr timbri og stálprófílum, handrið úr grönnu stáli og / eða timbri. Heimilt er að nota ómeðhöndlaða sjónsteypu í takmörkuðu umfangi, t.d. í setveggi. Í yfirborð á áningarstöðum er heimilt að nota slétt náttúrugrjót, steinsteypu, timbur eða tromlaðar hellur.

### LÓÐ OG BYGGINGARREITUR

Skilgreind er ein lóð með byggingarreit fyrir þjónustu- og aðstöðubyggingar.

| | |
|---|---|
| lóðarstærð: | 2.250m2 |
| stærð byggingarreits: | 1.000m2 |

Uppgefin lóðarstærð er til viðmiðunar, nákvæmar stærðir verða á mæli- og hæðarblaði sem gefið verður út.

Byggingarreiturinn er ætlaður fyrir þjónustubyggingar – gestamóttöku með tilheyrandi snyrtingum og aðstöðu, veitingasölu, verslun, geymslu og aðstöðu fyrir starfsfólk.
Heimilt er að byggja allt að 500m2 á reitnum í einni eða fleiri byggingum.
Aðalgólffletir bygginga(r) skulu vera nálægt / lagaðir að meðalhæð jarðvegs / jökulaursins í byggingarstæðinu. Vanda skal aðlögun mannvirkja að landhæð, viðmiðanir verða gefnar út á mæli- og hæðarblöðum.
Hámarkshæð bygginga(r) skal heimil 6m yfir aðalgólfhæð.
Ytra byrði útveggja og þök skal mála í möttum jarðlit(um) eða vera úr sjónsteypu eða gegnheilum möttum, jarðlitum náttúrulegum efnum - tré, málmi eða sementsbundnum plötum. Huga skal að speglunaráhrifum stórra glerflata og ásýnd þeirra úr fjarska.

Heimilt skal að geyma eldsneyti og olíur til reksturs og viðhalds samkvæmt starfsleyfum, með viðurkenndum geymsluaðferðum þannig að ekki hljótist hætta af, ma. tryggilega gengið frá vörnum gagnvart eldi og mengun.

Áhersla er lögð á að aðstöðuna megi byggja í áföngum, eftir því sem þörf knýr, og að nýbyggingar myndi samstæða heild, og að heildarmynd svæðisins sé ávallt höfð í huga.
Útlit bygginga verði samræmt, með vissum sveigjanleika í efnisvali og byggingarlagi.
Mannvirkjagerð skal undirbúa af kostgæfni, og metnaði. Mikilvægi svæðisins á að hvetja til vandaðrar byggingarlistar.

### BÍLASTÆÐI

Bílastæðum fyrir gesti og starfsfólk er komið fyrir næst núverandi akvegi og austan við byggingarreit. Heimilt er að gera stæði fyrir allt að 100 bíla og 10 rútur. Heimilt er að áfangaskipta gerð bílastæða eftir þörfum.
Reiknað er með að stæðin sé eftir atvikum hægt að taka í notkun í áföngum, fyrirkomulag bílastæða á uppdráttum er leiðbeinandi en ekki bindandi. Stæðin skulu lögð varanlegu slitlagi eftir atvikum.

Aðkomutorg: Litið er á svæðið í kringum bílastæði og byggingar sem aðkomutorg. Þar skal vanda til hönnunar og yfirborðsfrágangs og skapa skilyrði fyrir útiveru misstórra hópa gesta.

Lóðarfrágangur: Vanda skal allan lóðarfrágang við byggingar, hvort heldur sem er við gerð bílastæða, aðkomusvæða eða dvalarsvæða. Í upphafi framkvæmda innan mannvirkjasvæðis skal skafa efsta svarðlag yfirborðs og halda til haga í haug til notkunar í yfirborð jarðvegsfrágangs og í jaðra svæða sem verður raskað. Í sverðinum er grómagn fyrir þær plöntutegundir sem þrífast á og í aurnum og mun það flýta fyrir samlögun jarðvegsmana við umhverfi sitt.
Vanda skal aðlögun mannvirkja að landhæð, viðmiðanir verða gefnar út á mæli- og hæðarblöðum.

### VÖR - BRYGGJUSVÆÐI

Á bakka Fjallsárlóns er skilgreint bryggjusvæði, þar sem gert er ráð fyrir að smábátar geti athafnað sig vegna skemmtisiglinga á lóninu og í rannsóknarskyni. Heimilt skal að koma þar fyrir flotbryggjum og léttbyggðum pöllum. Akfær stígur er að svæðinu. Óheimilt er að reisa byggingar á svæðinu. Hreyfihömluðum er heimilt að nota aðkomuveginn að bryggjusvæðinu til að nýta sér siglingaþjónustu.

### GÖNGUBRÚ

Heimilt er að byggja göngubrú yfir Fjallsá. Staðsetning sem sýnd er í uppdrætti er til viðmiðunar, en hún gerir ráð fyrir því að nýta megi gamla brúarstöpla til verksins ef þeir reynast nothæfir.

### VEITUR

Engar lagnir eru nú á svæðinu.
Rafmagnslína og ljósleiðari liggur meðfram hringvegi, heimilt verður að tengja lagnir frá þeim að skipulagssvæðinu. Allar nýjar lagnir skulu liggja í jörð meðfram aðkomuvegum að skipulagssvæðinu, lega þeirra er ekki sýnd sérstaklega í uppdrætti.
Neysluvatns skal aflað með borholu í aurinn innan skipulagssvæðisins. Leiðbeinandi staðsetning er sýnd í uppdrætti. Helga skal brunnsvæði umhverfis borholu skv. reglugerð.
Hreinsivirki vegna fráveitu skal komið fyrir í samræmi við fyrirmæli reglugerða. Leiðbeinandi staðsetning er sýnd í uppdrætti.
Allar nýjar lagnir vegna að- og fráveitu skulu grafnar í jörð.

### FORNMINJAR

Minjavörður Suðurlands gerði vettvangskönnun á skipulagssvæðinu þann 16. apríl 2014. Grjótgarður og samanborið grjót fannst á svæðinu A628319-N392805, nú merkt inn í updrátt. Ekki skal spilla því mannvirki.
Um fornminmar á svæðinu skal farið eftir eftirtöldum lagagreinum: 24. grein laga um menningarminjar, nr. 80 frá 2012, en þar segir m.a.: *Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar.* Einnig 21. grein sömu laga: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.*



ÚR SAMÞYKKTU AÐALSKIPULAGI



LOFTMYND

## SKÝRINGAR

- MÖRK DEILISKIPULAGS
- BYGGINGARREITUR
- DÆMI UM BYGGINGU
- LÓÐ
- BRYGGJUSVÆÐI / FLOTBRYGGJA HEIMIL
- Ú ÚTSÝNIS- / ÁNINGARSTAÐUR
- BÍLASTÆÐI
- BÍLASTÆÐI HREYFIHAMLAÐRA staðsetning ekki bindandi
- VEGIR
- STÍGAR
- F ÞEKKTAR FORNMINJAR
- V VATNSBÓL - staðsetning leiðbeinandi
- R HREINSIVIRKI - staðsetning leiðbeinandi
- 50 50 m FJARLÆGÐ frá VATNSBAKKA
- ÞJÓÐLENDUMÖRK

**A-Breytingar að lokinni auglýsingu - nóvember 2014.**
-Bílastæði færð fjær þjónustuhúsum.
-Útsýnisstöðum fækkað um þrjá.
-Í kafla um bílastæði er bætt inn heimild til áfangaskiptingar.
-Fornminjar mektar inn og sett inn ákvæði um fornminjar.

**B-Leiðréttingar - 09.jan 2015.**
-Nafn og númer þjóðlendu fært inn, ákvæði um verslunarheimild í skilmála.

**C-Leiðréttingar - 06.mars 2015.**
-Norðurpílu bætt inn.
-Orðið "tillaga" fellt út úr texta.

Hæðarlínugrunnur og loftmynd eru fengin frá Loftmyndum ehf.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

Umhverfis- og skipulagsnefnd þann ________. _________2015

og í

Bæjarstjórn þann _________._________2015.

Tillagan var auglýst frá __________ 20_______ með

athugasemdafresti til __________ 20_______ .

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20____.

Sveitarfélagið Hornafjörður

| FERÐAMANNAAÐSTAÐA VIÐ FJALLSÁRLÓN HORNAFIRÐI | | | |
|---|---|---|---|
| DEILISKIPULAG | | | |
| YFIRLITSMYND | | | DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR |
| Breyting: C | Teikn.nr.: D00.01 | | GLÁMA·KÍM |
| Útgáfud.: 08.04.2014 | Mkv.: 1:2.500 m.v. A1 | | Arkitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739 glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is |
| Verknr: 1310066 | Teikn. ST | Yfirf. SK | |

TEIKNINGU ÞESSA MÁ EKKI AFRITA MEÐ NEINUM HÆTTI AÐ HLUTA TIL EÐA Í HEILD ÁN SKRIFLEGS LEYFIS HÖFUNDAR

Við skipulagið unnu: Gláma Kím Arkitektar Laugavegi 164 ehf
VSÓ Ráðgjöf
Landslag ehf